

Mannréttindaráð

Ár 2025, fimmtudaginn 4. september var haldinn 12. fundur mannréttindaráðs. Fundurinn var opinn samráðsfundur um málefni innflytjenda og haldinn í Austurbæjarskóla og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Sabine Leskopf, Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Ellen J. Calmon, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Kjartan Magnússon. Einnig sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar í málefnum innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn: Mouna Nasr og Maria Sastre. Einnig sat fundinn eftirfarandi starfsfólk: Anna Kristinsdóttir og Íris Björk Kristjánsdóttir. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sabine Leskopf, formaður mannréttindaráðs heldur ávarp og setur opinn fund mannréttindaráðs sem fram fer undir yfirskriftinni; Hvernig er að vera foreldri af erlendum uppruna í Reykjavík. MSS25010051
2. Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar, og Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði, halda ávarp; Móttaka, kennsla og þjónusta við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. MSS25010051
3. Oksana Shabatura og Krzysztof Andrzej Osmialowski, Brúarsmiðir Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði halda ávarp; Upplýsingar og samskipti. MSS25010051
4. Fram fara umræður og spurningar gesta. MSS25010051
6. Sabine Leskopf fundarstjóri, dregur saman umræður og slítur fundi. MSS25010051

Fundi slitið kl.18.05

Sabine Leskopf